

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

*Deiliskipulag, Eyrarflöt á Siglufirði.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 15. maí 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Eyrarflatar 2-4. Breytingin er gerð á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Eyrarflöt sem samþykkt var 10. apríl 2013 með síðari breytingum. Gerð er breyting á deiliskipulagsupprætti og greinargerð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til lóðarinnar Eyrarflatar 2-4 þar sem eigendur parhússins hafa komið sér saman um að gert verði ráð fyrir byggingu bílskúra, einum fyrir hvora íbúð. Breyting á upprætti: Stærð og afmörkun lóðarinnar Eyrarflatar 2-4 breytist og stækkar til norðurs og verður 1.468 fm. Gert er ráð fyrir tveimur 5 x 9 m byggingarreitum undir bílskúra. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 23. maí 2025.*

**Pálmi Blængsson,**  
verkefnastjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B deild - Útgáfudagur: 11. júní 2025